

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 8. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-38/2015:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 7. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 24. júní sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar segir m.a.: „Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftirtöldum gögnum og upplýsingum frá þér:

- 1) Nánari upplýsinga um það tjón sem bifreiðin varð fyrir árið 2014 skv. álitsbeiðni.
- 2) Í álitsbeiðni þinni vísar þú til þess að varahlutir sem teknir voru úr sjálfskiptingu bifreiðar þinnar við viðgerð hjá Y., hafi verið skoðaðir af sérfræðingi og reynst í lagi. Óskað er eftir skriflegri staðfestingu á þeirri skoðun og á því hvaða varahluti er um að ræða.
- 3) Upplýsingar um það hvort lokið sé við að gera við skiptinguna. Og ef svo er; hvaða aðili framkvæmdi þá viðgerð, sem og afrit af reikningi vegna viðgerðarinnar.
- 4) Þá óskar kæruneftndin eftir því að þú gerir ítarlegar grein fyrir atvikum málsins þannig að þar komi fram hvenær tiltekna viðgerðir og skoðanir fóru fram og, eftir því sem við á, hve langan tíma þær tóku.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 4. júlí n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álítur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beiðin var um í bréfi nefndarinnar frá 24. júní sl.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir